



Starfsreglur aganefndar HSÍ

1. gr. Skipun

Aganefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ og reglugerð HSÍ um agamál og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Aganefnd skal skipuð 3 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir og einn til vara. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður og skal varamaður einnig vera löglærður. Stjórn HSÍ tilnefnir formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. gr. Starfshættir aganefndar

Aganefnd heldur fundi að jafnaði einu sinni í viku. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Nefndarmenn geta verið viðstaddir fundi með fjarfundabúnaði. Skrifstofa HSÍ heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og sent til skrifstofu HSÍ eða í tölvupósti sem vísar erindinu til aganefndar til afgreiðslu.

Aganefnd er heimilt að taka ákvarðanir utan funda en í slíkum tilfellum skal liggja fyrir staðfesting meirihluta nefndarmanna í tölvupósti fyrir ákvörðun og skulu slíkar ákvarðanir færðar til bókar á næsta skipulagða fundi nefndarinnar. M

3. gr. Hlutverk og verkefni

Aganefnd skal úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna HSÍ í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni og meistarakeppni. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri HSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna handknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aganefnd er heimilt að fela skrifstofu HSÍ að framkvæma þau verkefni sem henni er falið í reglum þessum og koma fram fyrir hennar hönd.

4. gr. Önnur störf

Aganefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5. gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6. gr. Gildistaka



Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 01. febrúar 2017